

Bréf til formanns Sambands Íslenskra sveitarfélaga
til upplýsinga um stöðu mála 26. febrúar 2020.

Sæl Aldís,

Vil gefa þér rapport af stöðu kjarasamningsviðræðna 15 bæjarstarfsmannafélaga, (BSRB sveit) og Sambands íslenskra sveitarfélaga, SNS. Fundur var haldinn 23. janúar með BSRB og SNS vegna svonefnds félagsmannasjóðs hjá aðildarfélögum ASÍ. Áður en samið var um hann varaði BSRB við áhrifum þess að starfsfólki sveitarfélaga yrði mismunað í launum með þessum hætti en allt kom fyrir ekki. BSRB sveit og BSRB eru tilneydd að gera kröfu um félagsmannasjóð enda um nýjan launþátt að ræða sem kemur til útborgunar árlega sem okkar félagsmönnum stendur ekki til boða. Ábyrgðin er alfarið hjá Sambandinu, við óskuðum ekki eftir þessari stöðu og raunar vöruðum við henni. Það er okkar meginhlutverk að gæta hagsmuna okkar félagsmanna og tryggja að þau fái sambærileg laun í vasann og félagsmenn annarra stéttarfélaga í sömu eða sambærilegum störfum. Flest þeirra er láglaunafólk svo það munar um minna til að redda kreditkortareikningi jólanna í febrúar á hverju ári. Fundi þessum lauk á þann veg að SNS ætlaði að hugsa málið og ræða við sitt bakland til að finna leið til að koma á mótis við kröfur okkur um sama framlag þ.e. 1,5% meðaltal heildarlauna.

Síðan hefur ekkert heyrst fyrr en BSRB sveit er kölluð til fundar hjá ríkissáttasemjara þann 25. febrúar sl. Í upphafi fundar kallaði BSRB sveit eftir afstöðu SNS til félagsmannasjóðs sem beðið hefur verið eftir frá 23. janúar s.l. SNS sagðist ekki vera með lausn á því, sem eru mikil vonbrigði. Þau vildu hins vegar ræða önnur mál sem hefur ítrekað verið hafnað af okkar hálfu. Afstaða okkar er skýr um að ekki verði rædd önnur mál á meðan þessi vanvirðing gagnvart BSRB félögunum og félagsmönnum þeirra, starfsfólki sveitarfélaga er enn fyrir hendi. Náist lausn í 1,5% er hins vegar ljóst að ekki stendur mikið útaf að því til að hægt sé að klára kjarasamninga hratt og vel. Leysi Sambandið félagsmannasjóðinn á næstu dögum teljum við að hægt sé að semja áður en verkföll 7000 bæjarstarfsmanna skella á eftir 11 daga - en það þarf vilja til verksins!

Með kveðju

Arna Jakobína Björnsdóttir

formaður samninganefndar bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB.